

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 140/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/74/EB frá 21. desember 2006 um að ákveða samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu raforku og varma við beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 28. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008) í IV. viðauka við samninginn:

„29. **32007 D 0074:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/74/EB frá 21. desember 2006 um að ákveða samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu raforku og varma við beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB (Stjtið. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 183).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/74/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 32, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 183.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.